

Umhverfismarkmið fyrir urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni:

Samfélagsleg markmið

Lágmarka úrgang

Tillögur að aðgerðum:

- Fræðsla um umhverfisvænni lífsstíl til almennings og fyrirtækja.

Tillögur að lausnum:

- Umbúðalaus verslun.
- Bann á einnota varningi.

Hámarka endurnýtingu

Tillögur að aðgerðum:

- Fræðsla um umhverfisvænni lífsstíl til almennings og fyrirtækja.

Tillögur að lausnum:

- Skiptimarkaðir (textíll, spil, bækur og fleira)
- Bann á einnota varningi

Mælanleg markmið

Hámarka endurvinnslu

Tillögur að aðgerðum:

- Skýrar og aðgengilegar reglur*
- Beita gjaldskrá
- Beita refsiviðurlögum
- Aukið upplýsingaflæði – t.d. með fundum með kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og starfsmönnum sorpmála, því þeir þurfa að geta svarað fyrir stefnu í sorpmálum.

Takmark:

- Auka hlutfall endurvinnslu (árið 2018 var 21% úrgangs sent til endurvinnslu)
 - Stefna að því að árið 2020 verði hlutfallið 50%**
 - Stefna að því að árið 2025 verði hlutfallið 55%**

Lágmarka förgun

Tillögur að aðgerðum:

- Skýrar og aðgengilegar reglur*
- Beita gjaldskrá
- Beita refsiviðurlögum
- Koma lífrænum úrgangi í aðra meðhöndlun eða endurnýtingu

Takmark:

- Minnka hlutfall úrgangs sem er fargað (árið 2018 var 79% úrgangs fargað)
 - Stefna að því að árið 2020 verði hlutfallið 50%**
 - Stefna að því að árið 2025 verði hlutfallið 45%**

*Upplýsa heimamenn, fyrirtæki og gesti um hvernig á að flokka og gæta þess að upplýsingar og reglur um flokkun séu uppfærðar. Gott dæmi um flæði upplýsinga er bæklingur frá 2017¹ sem dreift var og tryggja að sambærilegar upplýsingar berist reglulega á öll heimili og í fyrirtæki.

**Sömu markmið og eru í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.

¹ <https://igf.is/wp-content/uploads/2018/06/Hornafjordur-2017-Biggi-1.pdf>